

Fréttatilkynning, 19. júní 2010

Lántakendur láti þriðja aðila endurreikna lánin

Mikilvægt að einstaklingar og fyrirtæki með lán bundin gengistryggingu láti ekki fjármálafyrirtæki um einhliða endurútreikninga á lánum. Varað við aðkomu stjórnvalda á uppgjöri tvíhliða samninga á milli einstaklinga og fyrirtækja eða á milli tveggja fyrirtækja.

Einstaklingar og fyrirtæki sem standa nú frammi fyrir því að endurreikna þarf erlend lán þeirra eiga að sýna mikla aðgæslu, varðandi útreikningana. Lagarök, lögmannsstofa sem hefur annast hagsmunagæslu fyrir fjölda fólks í greiðsluvanda, þykir rétt að vekja sérstaka athygli á þessu og varar fólk eindregið við því að láta fjármálafyrirtækin sjá einhliða um uppgjorsreikninga.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum SP Fjármögnunar hf og Lýsingar hf hafa forsvarsmenn bílalánafyrirtækjanna sent frá sér yfirlýsingar þess efnis að uppgjorsútreikningar standi yfir og að lántakendum verði tilkynnt um niðurstöðu þeirra. Við þessar aðstæður ber að stíga afar varlega til jarðar, enda ljóst að vafi leikur ýmsum þáttum lána sem eru tengd við erlenda gjaldmiðla. Lagarök lögmannstofa hvetur því einstaklinga og forsvarsmenn fyrirtækja sérstaklega til þess að krefjast þess að fá að eiga aðkomu að þessu ferli lánastofnana, enda byggir áframhald hvers og eins samnings á tvíhliða samningagerð lántakenda við hvert það lánafyrirtæki sem í hlut á.

Loks benda Lagarök á að aðkoma ríkisstjórnarinnar að uppgjörinu er varhugaverð þar sem hún á ekki aðild að málunum, heldur byggja þau á reglum einkamálaréttarins. Yfirlýsingar þess efnis hafa verið sendar frá núverandi ríkisstjórn ítrekað varðandi lausn á skuldavanda heimilanna og því fæst ekki séð að þessi breytta staða geti breytt aðildarskorti ríkisstjórnarinnar.

Frekari upplýsingar gefur:

Gísli Kr. Björnsson

Lögfræðingur

S. 659-0936

Lagarök ehf.

Síðumúla 27

108 Reykjavík

S. 588 1177